



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

Á SÖGUSLÓÐUM ÍSLENSKRAR TÓNLISTAR OG BÓKMENNTA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson lauk opinberri heimsókn sinni til Þýskalands með margvíslegum atburðum á söguslóðum íslenskra tónlistarmanna og rithöfunda í Leipzig.

Í morgun var sérstök samkoma í Tónlistarháskólanum í Leipzig þar sem minnst var frumkvöðla íslenskrar tónlistar, m.a. Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, Páls Ísólfssonar, Jóns Leifs, Sigurðar Þórðarsonar og Helgu Guðjónsdóttur, sem stunduðu nám á fyrstu áratugum 20. aldar við Tónlistarháskólann í Leipzig. Í ávarpi þakkaði forseti þessari merku menntastofnun í evrópsku tónlistarlífi fyrir þau áhrif sem hún hefði haft á frumkvöðla íslensks tónlistarlífs og rakti ýmsa þætti í ævi tónskáldanna og hvernig þeir hefðu markað djúp spor við mótun upphafs þess tónlistarlífs sem við lok 20. aldarinnar var orðið öflugur þáttur í menningarlífi Íslendinga.

Á samkomunni voru flutt verk m.a. eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Jón Leifs og Pál Ísólfsson og meðal flytjenda voru orgelleikarinn Eyþór Franzson Wechner og tenórsöngvarinn Benedikt Kristjánsson.

Einnig fluttu ávörp á samkomunni Halldór Guðmundsson rithöfundur sem fjallaði um tengsl Halldórs Laxness og annarra íslenskra rithöfunda við Leipzig. Þá flutti sendiherra Íslands í Þýskalandi, Gunnar Snorri Gunnarsson, ræðu um þrjú þeirra íslensku tónskálda sem menntun hlutu í Leipzig.

Að lokinni athöfn í ráðhúsi Leipzig afhjúpaði forseti minningarskjöld um Jóhann Jónsson skáld, höfund hins þekktu kvæðis Söknuðar, sem lifði og starfaði í Leipzig eftir að hann kom frá Íslandi og þar til hann lést úr berklum í borginni ungur að árum. Skjöldurinn er á húsinu þar sem Jóhann bjó og andaðist, Körnerstrasse 12-14. Í stuttu ávarpi minntist forseti á eftirminnilega frásögn Halldórs Laxness af heimsókn hans til Jóhanns.

Um morguninn flutti forseti fyrirlestur í Háskólanum í Leipzig um átök lýðræðis og markaða. Að honum loknum svaraði forseti fyrirspurnum en mikill fjöldi stúdenta sótti fyrirlesturinn.

Heimsókninni lauk svo í Nikulásarkirkjunni sem var vettvangur bænastunda og friðsamlegra mótmæla íbúa borgarinnar þegar lýðræðishreyfingin 1989 var að velta alræðisstjórninni úr sessi.

28. júní 2013

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).